

**Innleiðing tilskipunar 2005/68/EC um endurtryggingar**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur stefnt íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólinn vegna dráttar á innleiðingu tilskipunar 2005/68/EC um endurtryggingar. Fyrir Alþingi liggur frumvarp um váttryggingastarfsemi (nr. 53/2009) sem ætlað er að innleiða gerðina.

Allar líkur eru á að dómur falli íslenska ríkinu í óhag. Hér á eftir er reynt að varpa ljósi á það hverjar afleiðingar þess séu og hvort tjón þess aukist með frekari seinkun á innleiðingu.

**a) Hversu oft hefur Ísland verið kært til EFTA-dómstólsins**

ESA hefur 8 sinnum stefnt Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn. Í eitt skipti var málið dregið til baka, í sex skipti var úrskurðað að Ísland hefði ekki uppfyllt skyldur sínar skv. EES-samningnum og eitt mál er nú til afgreiðslu hjá dómstólnum.

**b) Hverjar verða afleiðingar þess að váttryggingastarfsemisfrumvarpið fari ekki í gegn**

Fyrstu afleiðingar eru þær að dómur fellur um að Ísland hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. EES-samningnum. Dómurinn staðfestir brot Íslands á samningsskyldum sínum en felur ekki í sér févíti.

Ef ekki er brugðist við þeim dómi fer ESA í samningsbrotamál. Það mál felur heldur ekki í sér févíti en úrskurðar að Ísland hafi ekki uppfyllt þá samningsskyldu sína að hlíta dómi EFTA dómstólsins.

Ef íslensk stjórnvöld myndu ekki bæta úr ástandinu með réttri innleiðingu eftir slíkan dóm myndi málið án efa verið tekið upp í sameiginlegu EES-nefndinni á grundvelli 111. gr. EES-samningsins sem fjallar um lausn deilumála. Verði deilumál ekki leyst á þeim vettvangi getur það leitt til þess að sá hluti samningsins sem málið varðar verði tímabundið gerður óvirkur sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir framkvæmd samningsins.

Ríkið getur jafnframt orðið skaðabótaskyldt vegna tjóns sem hlýst af aðgerðarleysi þess. Ef einstaklingur eða fyrirtæki telur sig verða fyrir tjóni vegna þess að íslensk lög eru ekki í samræmi við reglur sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn getur viðkomandi stefnt íslenska ríkinu til greiðslu bóta (sbr. mál E 9/97 Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn Íslandi).

**c) Hver er kostnaður íslenska ríkisins við málaferli fyrir dómstólnum**

Kostnaður íslenska ríkisins takmarkast við vinnuframlag við gerð greinargerðar í innleiðingarmálum sem þessum, þar sem venjulega fer ekki fram munnlegur málflutningur. Í málum sem íslenska ríkið tekur til efnislegra varna í kemur einnig til ferðakostnaður starfsmanns utanríkisráðuneytisins til Lúxemborgar, uppihald þar og aukið vinnuframlag.

**d) Hvenær er þinghald fyrir dómstólnum vegna málsins fyrirhugað.**

Íslandi hefur verið veittur frestur til að skila greinargerð til 6. júlí 2009. Aðrar dagsetningar liggja ekki fyrir en ef tekið er til varna má telja líklegt að málflutningur verði fyrir áramót.